

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. september 2022
Málsnúmer: 202208-0019
IAS/SS

Efni: Matsskylda framkvæmdar við Hverahlíðarlögn.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 18. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Orku náttúrunnar á Hverahlíðarlögn skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirspurnina og telur ekki að framkvæmdin þurfi að vera háð mati á umhverfisáhrifum. Ítarlega er fjallað um framkvæmdina og líkleg umhverfisáhrif hennar í greinargerð Mannvits f.h. Orku náttúrunnar og ólíklegt að fullt mat á umhverfisáhrifum bæti miklu við af upplýsingum. Stærri sambærileg framkvæmd var tilkynnt árið 2014 og var ekki metin háð matsskyldu þótt þá væri um töluvert rask á öröskuðu svæði um að ræða en það á ekki við um nú.

Áhrifasvæðið sem um ræðir er nú þegar töluvert raskað og framkvæmdinni fylgir tiltölulega lítið rask til viðbótar. Annars vegar er um að ræða lagnir og safnæðastofna sem eru samhliða fyrri lögnum/stofnum. Hins vegar er veglagning á nýjum veg meðfram lögninni þar sem vegurinn sem fyrir er telst óheppilegur. Við vegagerðina verður rask á nútímahrauni og gróðri en stefnt er að því að nota gróðurhulu aftur að framkvæmdum lokið. Þá er stefnt að því að lagfæra og græða upp núverandi vinnuslóða á sambærilegan hátt. Efnistaka verður úr námum sem þegar eru í rekstri í nágrenninu og tiltölulega lítið þarf að bæta við af öðrum mannvirkjum við vinnslu á gufu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

